

REGLUR UM STYRKI TIL GREIÐSLU FASTEIGNASKATTS

1. gr.

Eigendur fasteigna þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin á ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi geta að lokinni árlegri álagningu fasteignaskatts, sótt um styrk til greiðslu skattsins.

2. gr.

Umsóknir um styrki skulu berast bæjarráði sem tekur þær til umfjöllunar og afgreiðslu. Samþykkt bæjarráðs hverju sinni gildir fyrir álagningarárið og eftir atvikum eldri ár, en aldrei fyrir ókomin ár.

3. gr.

Við samþykkt útgjalda til styrkja skal þess gætt hverju sinni að um sé að ræða ráðstöfun í samræmi við fjárhagsáætlun eða að fjármögnun sé vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar, sbr. 61. gr. og 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1998, með síðari breytingu og öðlast þegar gildi.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
6. apríl 2006*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari*